



Númer: 21/2020

Dreifibréf til samstæðna lánastofnana.

Efni: Viðmiðunarreglur EBA varðandi gagnaskil og gagnsæi um aðgerðir vegna áhættuskuldbindinga í tengslum við COVID-19

Með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093 - 1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum á fjármálamarkaði, EBA, ESMA og EIOPA. Í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er fjallað um viðmiðunarreglur (e. guidelines) Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) og almenn tilmæli (e. recommendations) eftirlitsstofnunarinnar. Í 3. mgr. 16. gr. segir að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og almennum tilmælum.

Tilgangur viðmiðunarreglna EBA er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan EES. Viðmiðunarreglurnar fela í sér nánari útfærslu á ákvæðum tilskipana og reglugerða sem innleiddar hafa verið hér á landi, m.a. með breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og stjórnvaldsfyrirmælum settum með stoð í þeim. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) mun styðjast við viðmiðunarreglur EBA í eftirlitsframkvæmd, þar með talið vegna könnunar- og matsferlis stofnunarinnar (SREP).

Viðmiðunarreglur EBA varðandi gagnaskil og gagnsæi um aðgerðir vegna áhættuskuldbindinga í tengslum við COVID-19 (EBA/GL/2020/07)

Viðmiðunarreglur EBA varðandi gagnaskil og gagnsæi um aðgerðir vegna áhættuskuldbindinga í tengslum við COVID-19 varða þrens konar áhættuskuldbindingar og gagnaskil vegna þeirra:

- i) Áhættuskuldbindingar sem viðmiðunarreglur EBA um greiðslufrestanir á afborgunum lána sem eru framkvæmdar vegna COVID-19 (EBA/GL/2020/02) ná til, sbr. dreifibréf Fjármálaeftirlitsins nr. 19/2020;
- ii) áhættuskuldbindingar sem hljóta ívilnanir vegna COVID-19, en falla utan við 10. tölul. EBA/GL/2020/02; og
- iii) nýjar áhættuskuldbindingar sem hafa hlotið ríkisábyrgð vegna COVID-19.

Með viðmiðunarreglunum er farið fram á tímabundin gagnaskil varðandi ofangreindar áhættuskuldbindingar og úrvinnslu vegna þeirra. Ásamt því er



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

farið fram á opinbera birtingu upplýsinga um liði i) og iii) að ofan. Samtals er um að ræða 11 nýjar töflur sem felldar verða inn í gagnalíkan EBA númer 2.10 og skilast ársfjórðungslega með FINREP gagnapakkanum á tæknistaðlagsetningum og þrjár nýjar töflur sem birta þarf hálfárslega.

Í 20. tölul. í viðmiðunarreglum EBA/GL/2020/07 er umfjöllun um hlutfallsreglu sem eftirlitsaðilum er heimilt að beita til að útfæra framangreind gagnaskil og birtingu upplýsinga. Fjármálaeftirlitið hefur ákveðið að beita hlutfallsreglu vegna viðmiðunarreglnanna með eftirfarandi hætti:

- 20 a) – Einungis er óskað eftir skilum á samstæðugrunni.
- 20 b) – Ekki er óskað eftir örari skilum en ársfjórðungslega.
- 20 c) – Ekki er óskað eftir skilum taflna **F 90.02, F 90.03, F 91.02, F 91.03, F 91.04, F 92.01, F 93.01** og **F 93.02**.
- 20 d) – Ekki er óskað eftir birtingu upplýsinga hjá öðrum lánastofnunum en þeim sem teljast til kerfislegra mikilvægra fjármálafyrirtækja.
- 20 e) – Einungis er óskað eftir birtingu upplýsinga skv. 19. tölul. EBA/GL/2020/07 á samstæðugrunni.

Af ofangreindu leiðir að viðtakendur dreifibréfs þessa þurfa einungis að skila töflum **F 90.01, F 91.01** og **F 91.05**. Þá leiðir jafnframt af ofangreindu að einungis samstæður kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja þurfa að birta upplýsingar um COVID-19 tengdar aðgerðir.

Gagnasöfnun þessi hefur ekki áhrif á gagnasöfnun Fjármálaeftirlitsins sem er áður hafin vegna COVID-19 tengdra aðgerða lánastofnana og kemur til viðbótar henni.

Gert er ráð fyrir að uppfært gagnalíkan og tegundaröð númer 2.10 verði tilbúið og birt á heimasíðu EBA fyrir lok júní. Skilaaðilar eru hvattir til að kynna sér efni um gagnaskil og gagnsæi [á vefsíðu EBA](#) og kynna sér [framangreindar viðmiðunarreglur](#)¹.

Nánari upplýsingar veita Guðmundur Jónsson guðmundur.jonsson@sedlabanki.is og Valdimar Þorkelsson valdimar.thorkelsson@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,

Finnur Sveinbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankar

Elmar Ásbjörnsson
forstöðumaður
bankar

¹https://eba.europa.eu/sites/default/documents/files/document_library/Publications/Guidelines/2020/884434/EBA_GL_2020_07_Guidelines_on_Covid_-19_measures_reporting_and_disclosure.pdf